


Gróður á lóðarmörkum

Umferð um götur bæjarins þarf að vera greið öllum stundum. Hvort sem um er að ræða akandi, gangandi eða hjólandi vegfarendur þurfa þeir að geta komist leiðar sinnar á sem öruggastann hátt. Til þess höfum við lagt götur, afmarkað lóðir, lagt gangstéttar og gangstíga í hverfum og tengt saman bæjarhluta.



Lóðarmörk hverrar lóðar marka þann reit sem lóðarhafi hefur til nýtingar. Í [Byggingarreglugerð](#) er fjallað um lóðir og lóðarmörk.

Gott er að hugsa sér lóðarmörk sem kassa upp í loftið en ekki bara ramma á jörðinni. Þannig gengur okkur betur að „innrétta“ lóðina og að gæta þess að ekkert skagi út fyrir mörkin, hvorki gróður né annað. Mikilvægt er að halda ávallt þá reglu að gróðurinn á lóðinni vaxi aldrei út fyrir lóðarmörkin og klippa eða grisja þegar greinar stefna út fyrir þau.



Lóðarmörk eru ekki bara mörkuð á jörðinni, þau teygja sig upp líka!

Fyrstu garðverkin eru yfirleitt að mynda einhverskonar ramma um lóðina. Fjölbreytni í útfærslum og smekkur manna ræður þar miklu t.d. varðandi val á efnum. Sumir velja að reisa skjólveggi, girðingar eða kanta, aðrir gróðursetja og enn aðrir blanda þessu saman. Það er gróðurinn sem er nokkuð óútreiknanlegur. Litlu plönturnar líta nefnilega sakleysislega út þegar við gróðursetjum þær. Árin líða



Margir velja að ramma lóðina inn t.d. með veggjum

og þær vaxa og dafna og breiða úr sér. Gæta þarf að staðsetningu gróðurs og þá sérstaklega trjáa sem geta orðið hávaxin eða sem fá breiða og mikla trjákrónu. Ef vexti trjáa er fylgt eftir alla tíð má stýra því þannig að ekki skapist af því vandræði til framtíðar, jafnvel þótt trjákrónan teygji sig í átt að gangstétt eða gatnasvæði. Klippingar eru þá umfangsminni en tíðari og sárin minni. Ef ekki er brugðist við fyrr en í óefni er komið er hætt við að klippingar hafi verulega slæm áhrif á trén. Þá getur þurft að fjarlægja stórar greinar sem tréð ræður ekki við að loka


almennilega og veldur ótímabærum dauða. Nauðsynlegt getur verið að fjarlægja tré í stað þess að fara í stóra grisjun.

Í eldri görðum er algengt að sjá stór tré nánast á lóðarmörkum úti við götu og trjákrónu sem nær út yfir gangstétt eða jafnvel út á götuna sjálfa. Þetta getur valdið miklum vandamálum og kallað á aðgerðir þannig að umferð sé greið. Á undanförunum árum hefur þó orðið breyting hvað þetta varðar sem eflaust má rekja til hugarfarsbreytingar en einnig ákvæða í reglugerðum varðandi staðsetningu við útplöntun. Í dag er óheimilt að planta hávöxnum trjágróðri nær lóðarmörkum en 4 metrar. Í mörgum tilfellum þýðir það að trjágróður rúmast einfaldlega ekki alls ekki á lóðinni eða á vissum lóðarhlutum.

Þegar snjóar í bænum þarf snjómokstur að ganga sérlega hratt fyrir sig og vélar að komast greitt um. Ýmsar hindranir verða oft á veginum eins og bílar sem lagt er í götunum og erfitt er að komast framhjá. En trjágróðurinn getur líka hindrað og tafið fyrir þjónustunni. Vélnar geta rekist í greinar og valdið skemmdum á trjánum en einnig tækjabúnaði. Það er mikilvægt að forðast.

Hafa þarf í huga við grisjun og klippingar að greinar svigna nokkuð undan snjónum. Gera þarf ráð fyrir því að greinar geta sigið niður fyrir hæðarmörk þegar snjór sest á þær.

Til þess að greiða fyrir umferð akandi, gangandi eða hjólandi og auka öryggi vegfarenda þarf gatnaumhverfið að vera nokkuð „klippt og skorið“ og að svæði yfir götum, gangstéttum og stígum sé




laust við greinar frá trjá- og runnagróðri. Gróður getur skyggt á umferðarmerkingar og götulýsingu, slegist í vegfarendur eða valdið öðrum óþægindum eða hættu. Yfir götum skal því vera frísvæði í 4,5 metra hæð en yfir gangstéttum og stígum skal það vera 2,8 metrar.



Algeng sjón í grónum hverfum. Í dag má ekki planta hávöxnum trjám nær lóðarmörkum en 4 metra

Í Byggingarreglugerð segir:

„Ekki má planta hávöxnum trjátegundum nær lóðarmörkum aðliggjandi lóða en 4,0 m. Við staðsetningu trjáa á lóð sem ætlað er að vaxi frjálts skal taka tillit til skuggavarps á viðkomandi lóð og nágrennalóðum. Sé trjám eða runnum plantað við lóðarmörk samliggjandi lóða skal hæð þeirra ekki verða meiri en 1,80 m, nema lóðarhafar beggja lóða séu sammála um annað. Ef lóðarmörk liggja að götu, gangstíg eða opnu svæði má trjágróður ná meiri hæð, enda komi til samþykki veghaldara eða umráðaaðila viðkomandi svæðis“. 112/2012



Nauðsynlegt er að upplýsa lóðarhafa sem best um gróður á lóðum og hvað telst leyfilegt og heppilegt. Hér eru ákvæði Byggingarreglugerðar færð yfir í skýringarmynd

Myndin sýnir mismunandi aðstæður á lóðum og heimildir til gróðursetningar samkvæmt Byggingarreglugerð 112/2012



Ekki leyfilegt að planta hávöxnum trjágróðri



Hæð gróðurs við lóðarmörk samliggjandi lóða mest 1,8 metrar nema samkomulag sé á milli lóðarhafa um annað



Ekki leyfilegt að planta hávöxnum trjágróðri. Hæð gróðurs við lóðarmörk samliggjandi lóða og að götu mest 1,8 metrar nema samkomulag sé á milli beggja lóðarhafa og veghaldara eða umráðaaðila viðkomandi svæða um annað

Í Byggingarreglugerð segir:

„Lóðarhafa er skylt að halda vexti trjáa og runna á lóðinni innan lóðarmarka. Sinni hann því ekki og þar sem vöxtur trjáa eða runna fer út fyrir lóðarmörk við götur, gangstíga eða opin svæði er veghaldara eða umráðamanni svæðis heimilt að fjarlægja þann hluta er truflun eða óprýði veldur, á kostnað lóðarhafa að undangenginni aðvörun.“ (112/2012)

Garðyrkjustjóri Garðabæjar gerir árlega úttekt á trjágróðri við lóðarmörk í bænum. Ef athugasemd er gerð fær umráðamaður lóðar bréf þar sem gerð er grein fyrir málinu og hvatt er til úrbóta.

Garðabær hefur sett sér „**Markmið um trjágróður**“ á lóðum íbúa, fyrirtækja, stofnana og opinna svæða. Íbúar hafa góðan aðgang að fræðsluefni sem getur hjálpað til við framkvæmdina.

Garðyrkjustjóri veitir íbúum ráðgjöf auk þess sem fræðsluefni er fjölbreytt á vef bæjarins www.gardabaer.is